

Ár 2006, miðvikudaginn 26.júlí, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands sem háð er að Austurvegi 4, Selfossi, kveðinn upp í málinu nr. S-604/2005:

Ákærvaldið

(Steinunn Fjóla Sigurðardóttir, fulltrúi)

gegn

Jóhönnu Rut Birgisdóttur

(Rína Soffía Geirsdóttir, hdl.)

og

Erni Símonarsyni

(Einar Gautur Steingrímsson, hrl.)

svofelldur

d ó m u r :

Mál þetta, sem þingfest var 9. mars sl. og dómtekið 6. júní sl. að lokinni aðalmeðferð, er höfðað með ákæru lögreglustjórans á Selfossi, dagsettri 21. nóvember 2005, á hendur Jóhönnu Rut Birgisdóttur, kt. 000000-0000, Fjarðarstræti 9, Ísafirði og Erni Símonarsyni, kt. 000000-0000, Miklubraut 66, Reykjavík,

I.

„Gegn ákærðu Jóhönnu

a

fyrir umferðarlagabrot,

með því að hafa, aðfaranótt fimmtudagsins 12. febrúar 2004, ekið bifreiðinni IG 872, skráningarnúmer Y 963 undir slíkum áhrifum slævandi lyfja og örvandi efna að hún var ófær um að stjórna bifreiðinni örugglega, frá Skíðaskálanum í Hveradölum vestur Suðurlandsveg, Ölfusi, að Litlu Kaffistofunni, þar sem lögregla hafði afskipti af akstri ákærðu.

b

fyrir brot á lögum um ávana- og fíkniefni,

með því að hafa, aðfaranótt fimmtudagsins 12. febrúar 2004, haft í vörslu sinni í bifreiðinni IG 872, alls 4,92 grömm af hassi sem fundust í úlpu ákærðu, við leit lögreglu, í framhaldi af handtöku ákærðu vegna þess brots sem lýst er í I. kafla ákæru.

II.

Gegn ákærðu Jóhönnu og Erni í sameiningu,

fyrir þjófnað,

með því að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 12. febrúar 2004 brotist inn í Skíðaskálann í Hveradölum og haft þaðan á brott með sér kr. 2000 í 50. kr. mynt, hitakönnu og ýmis matvæli sbr. munaskrá (433-2004-652), sem fundust í bifreiðinni IG 872 við leit lögreglu.”

Ákærvaldið segir háttsemi ákærðu Jóhönnu samkvæmt ákærulið I a varða við 2. mgr. 44. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr., umferðarlaga nr. 50/1987 og samkvæmt ákærulið I b varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr., laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. lög nr. 13/1985 og 68/2001 og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 248/2002.

Ákærvaldið segir háttsemi ákærðu beggja samkvæmt ákærulið II varða við 1. mgr. 244. gr., sbr. 2. mgr. 70. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærvaldið krefst þess að ákærðu bæði verði dæmd til refsingar og að ákærða Jóhanna verði jafnframt dæmd til að sæta upptöku á framangreindum fíkniefnum og til sviptingar ökuréttar samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. lög nr. 44/1993.

Verjendur ákærðu beggja krefjast sýknu og að málsvarnarlaun þeirra greiðist úr ríkissjóði.

Málsatvik.

Aðfaranótt fimmtudagsins 12. febrúar 2004 barst lögreglunni á Selfossi tilkynning frá Svavari Helgasyni, eiganda Skíðaskálans í Hveradölum, um að þar væri innbrot í gangi. Lögreglumenn fóru áleiðis á vettvang frá Reykjavík og Selfossi. Lögreglumenn úr Reykjavík mættu bifreiðinni IG 872, skráningarnúmer Y 963, við Svínahraun og veittu henni eftirför. Um kl. 06:04 var bifreiðinni gefið stöðvunarmerki og var hún þá um 500 metra vestan við Litlu Kaffistofuna. Þegar bifreiðin var stöðvuð sat ákærða Jóhanna undir stýri en ákærði Örn sat í farþegasæti frammí. Á vettvangi var einnig staddur Helgi Guðlaugur Svavarsson, sonur tilkynnanda. Ákærðu voru bæði handtekin og færð á lögreglustöðina á Selfossi. Við leit á ákærðu Jóhönnu á lögreglustöðinni fannst fjölnota lyfseðill, skráður á nafngreinda konu, box með notuðum sprautum og nálum, 2000 krónur í 50 króna

mynt í búnti merkt SPRON og 5 molar af ætluðu hassi. Kl. 07:47 var tekið blóðsýni úr ákærðu Jóhönnu og kl. 08:40 var tekið þvagsýni úr ákærðu. Síðdegis þann 12. febrúar var gerð leit í bifreiðinni Y 963 með leyfi ákærðu Jóhönnu og að henni viðstaddri. Við leitina fannst svartur plastpoki og í honum ýmis matvæli auk hitakönnu.

Framburður ákærðu og vitna fyrir dómi.

Ákærði Örn Simonarson kvaðst, aðspurður um málsatvik, ekki geta lýst þeim þar sem hann hafi verið í mikilli fíkniefnaneyslu á þessum tíma. Hann viti þó að þau hafi verið á ferðinni á þessum slóðum og stoppað einhversstaðar. Ákærði Örn sagðist, aðspurður um hvort hann og ákærða Jóhanna hafi ekið útaf í Kömbum, hafa verið mjög ruglaður á þessum tíma og muni varla neitt. Aðspurður um hvort ákærða Jóhanna hafi keyrt bílinn úr Ölfusi kvað ákærði Örn hana hafa keyrt allan tímann. Ákærði Örn sagðist aðspurður ekki muna af hverju hann og ákærða Jóhanna hafi ekið að skíðaskálanum. Aðspurður um ástand ákærðu Jóhönnu kvað ákærði Örn hana líklega hafa verið í sama ástandi og hann sjálfur. Nánar spurður sagðist ákærði Örn ekki geta felld neinn dóm á það en þau hafi bæði verið í mikilli fíkniefnaneyslu á þessum tíma. Aðspurður um hvort hann myndi til þess að ákærða Jóhanna hafi neytt fíkniefna eða lyfja þann dag sagði ákærði Örn að hún hafi örugglega gert það, hann teldi það nokkuð víst, en hann myndi ekki eftir því. Ákærði Örn sagðist ekki muna hvað gerst hafi þegar þau komu að skíðaskálanum. Ákærða Jóhanna hafi brotist inn og hann vitað fyrst af því eftir á. Aðspurður um ummæli í lögregluskýrslu að ákærða Jóhanna hafi brotið glugga í skíðaskálanum kvaðst ákærði Örn halda að hann hafi sagt hvað sem er við skýrslutökuna. Honum hafi verið haldið í sólarhring án svefns og matar. Ákærði kvaðst ekkert muna eftir atburðarásinni. Aðspurður hvort framburður hans í lögregluskýrslunni væri bara bull svaraði Örn að hann teldi svo vera, allavega í stórum dráttum. Sér hefðu verið lögð orð í munn. Aðspurður sagðist ákærði Örn ekki muna eftir að við leit í bílnum hafi fundist svartur ruslapoki með matvælum í sem honum hafi verið sýndur. Ákærði Örn kvaðst ekki muna eftir því að ákærða Jóhanna hafi verið skorin á höndum.

Aðspurður um hvort hann teldi sig hafa munað betur þegar lögregluskýrsla var gefin en núna svaraði ákærði Örn að hann teldi sig ekki hafa munað betur þá en núna. Aðspurður hvort efni skýrslunnar væri steypa svaraði ákærði Örn að hann gæti ekki annað sagt en það hefði átt að ljúka málinu þarna og hann gæti ekki einu sinni munað hvað hann hafi verið lengi inni. Aðspurður sagðist ákærði Örn ekkert hafa sofið. Ákærði Örn neitaði, aðspurður hvort hann teldi einhverjar líkur á að hann hafi lagt á ráðin með að brjótast inn í skíðaskálann, það væri fáránlegt að hann hafi haft nokkuð um það að segja. Aðspurður hvort hann hafi einhvern tíma gert slíkt kvaðst ákærði Örn hafa átt sín unglingsár en aldrei á fullorðinsaldri. Aðspurður kvað ákærði Örn engar líkur vera á því að hann hafi aðstoðað ákærðu Jóhönnu við innbrotið, hann teldi engar líkur á að hann myndi brjótast inn einhvers staðar. Aðspurður um hvort sú frásögn í lögregluskýrslunni að hann hafi hjálpað ákærðu Jóhönnu með þýfi inn í bíl væri frá honum komin svaraði Örn að þetta hafi komið frá ákærðu Jóhönnu og lögreglunni og að hann hafi verið plataður inn í málið. Ákærði Örn kvaðst, aðspurður um af hverju hann hafi undirritað skýrsluna, hafa viljað koma sér burt, hann hefði gert nokkurn veginn hvað sem er til að koma sér

burtu. Ákærði Örn kvaðst ekki telja neinar líkur á að lögregluskýrslan geymdi rétt atvik, hann teldi engar líkur á að hann myndi fremja jafn fáránlegan glæp.

Ákærði Örn kvað aðspurður um þau orð í lögregluskýrslu að ákærða Jóhanna hafi kallað til hans úr dyrunum að skíðaskálanum og beðið hann að koma, að hann hafi farið að dyrunum og þar fyrir innan hafi verið svartur ruslapoki sem hún hafi beðið hann um að taka og fara með í bílinn, að hann hafi sjálfur sagt að það hafi verið kjöt og önnur matvæli í pokanum og hann hafi sett hann í aftursæti, og hvort þetta væru ekki hans orð og ef ekki, hvaðan þau kæmu, að þetta hlyti að koma frá ákærðu Jóhönnu eða lögreglunni. Aðspurður um að þetta væri ekki það sem ákærða Jóhanna sagði sagði ákærði Örn að hún gæti verið tvísögul. Hann myndi ekki eftir atburðum og teldi útilokað að hann myndi taka þátt í svona fráleitum verknaði. Örn kvaðst vita að þetta væri skýrslutaka af honum sjálfum. Aðspurður um hvers vegna hann hafi sagt þetta svaraði ákærði Örn að hann vissi það ekki. Aðspurður um hvort honum hafi dottið þetta í hug á staðnum svaraði ákærði Örn að hann vissi það ekki. Aðspurður um þau ummæli í lögregluskýrslu að framburður hafi verið greinargóður, málfar skýrt, jafnvægi stöðugt og sjáaldur eðlileg og hvort hann hafi verið í vímu umrætt sinn, kvaðst ákærði Örn ekki telja lögregluna færa um að úrskurða hvort hann hafi verið í vímu. Nánar aðspurður um hvort þessi ummæli lögregluskýrslunnar væru rétt neitaði ákærði Örn því og sagði að hann hefði ekki verið að þvælast með ákærðu Jóhönnu ef hann hefði ekki verið í algjöru ruglástandi.

Aðspurður um hvort hann hafi neytt svipaðra efna og ákærða Jóhanna svaraði ákærði Örn að hann teldi sig hafa neytt sömu efna og hún. Aðspurður um hvort hann hafi, þegar hann gaf skýrsluna, yfirleitt munað eftir einhverjum atburðum sem máli skiptu, þannig að hann álykti að þessi frásögn hefði ekki getað stafað frá honum, svaraði Örn að svo væri.

Aðspurður um hvort hann hafi á þessum tíma verið lengi í neyslu svaraði ákærði Örn að hann hafi verið fíkniefnaneytandi nær allt sitt líf. Aðspurður um hvort hann hafi töluvert þol gegn fíkniefnum svaraði ákærði Örn að svo væri, hann hafi þó, þegar atvik málsins gerðust, verið nýkominn af Vogu og verið vel trappaður niður og án efna í um mánuð. Ákærði Örn kvaðst aðspurður hafa verið án vímuefna í um tvö ár.

Helgi Guðlaugur Svavarsson gaf skýrslu fyrir dómi gegnum síma og sagði svo frá atvikum málsins að kl. 5 aðfaranótt fimmtudagsins 12. febrúar 2004 hafi Securitas hringt í foreldra vitnisins, eigendur skíðaskálans, og sagt að þjófavarnakerfið væri farið af stað í skálanum. Vitnið hafi farið af stað til að kanna málið. Þegar hann kom að skálanum hafi hann farið inn og orðið var við mannaferðir. Hann hafi þá farið aftur út í bíl og hringt í lögregluna.

Aðspurður kvað Helgi bifreiðina hafa verið mannlaus. Aðspurður um hvort matvæli hafi verið tekin sagðist Helgi ekki vita hvort eitthvað hafi verið tekið.

Aðspurður um hvort hann hafi ekið fram hjá bifreiðinni kvaðst Helgi hafa beðið við afleggjarann. Helgi neitaði því að hafa litið inn í bifreiðina, en sagðist hafa séð að hann væri mannlaus. Aðspurður hvort hann hafi stoppað og kíkt eða ekið viðstöðulaust sagði Helgi að hann hafi lagt og gengið að bifreiðinni. Síðan hafi hann farið inn og heyrt læti inni. Þá hafi hann farið aftur inn í bíl og út á afleggjara

og hringt í lögregluna. Síðan hafi bifreiðin komið og ekið fram hjá. Hann hafi elt bifreiðina, lögreglan tekið fram úr á leiðinni og stöðvað bifreiðina við Litlu Kaffistofuna. Aðspurður um veðrið kvað Helgi hafa verið myrkur og blautt. Aðspurður kvaðst Helgi hafa gengið vinstra megin fram hjá bílnum.

Helgi sagðist aðspurður ekki hafa séð neitt borið inn í bílinn eða séð neitt til athafna ákærðu.

Jón Gunnar Þórhallsson, lögregluvarðstjóri á Selfossi, kom fyrir dóminn og gaf skýrslu. Vitnið kvaðst aðspurt ráma í atvik málsins. Aðspurður um hver hans aðkoma að málinu hafi verið svaraði Jón að tilkynnt hafi verið um yfirstandandi innbrot í skíðaskálanum. Hann hafi þá verið staddur inni á lögreglustöð. Í tilkynningunni hafi komið fram að fólkið væri ennþá innandyra í skálanum. Lögreglan hafi farið með forgangi á staðinn. Tilkynnandi hafi beðið við afleggjara eftir bíl fólksins. Lögreglan hafi heyrt gegnum fjarskipti að bíllinn væri farinn af stað áleiðis til Reykjavíkur. Lögreglan frá Reykjavík hafi komið á móti og stöðvað bílinn við Litlu Kaffistofuna og handtekið ökumann og farþega. Hann hafi séð um flutning á ákærðu Jóhönnu á lögreglustöðina á Selfossi. Lögreglubíll frá Reykjavík hafi flutt farþegann, ákærða Örn.

Aðspurður um hvort hann gæti lýst því þegar bíllinn var stöðvaður svaraði Jón að hann hafi ekki verið viðstaddur, lögreglan frá Reykjavík hafi stöðvað bílinn. Lögreglan frá Reykjavík hafi tjáð þeim að ákærða Jóhanna hafi ekið og ákærði Örn hafi verið farþegi. Þau hafi bæði verið vistuð á Selfossi. Við öryggisleit á lögreglustöðinni á ákærðu Jóhönnu hafi fundist ætlað hass og smámynt, 50 krónu mynt í búnti frá sparisjóði. Aðspurður um ástand ákærðu Jóhönnu svaraði Jón að hún hafi verið verulega æst og illviðráðanleg. Lögreglumennirnir hafi orðið að færa hana í handjárn og hún hafi virst undir talsverðum áhrifum fíkniefna. Ekkert hafi verið hægt að ræða við hana og hún hafi látið illum látum í lögreglubílnum og alla leið inn í klefa. Hún hafi barist um og ekki verið hægt að ræða við hana. Aðspurður um viðbrögð ákærðu Jóhönnu við leit á henni svaraði Jón að öryggisleit hafi verið framkvæmd í úlpu hennar. Hún hafi verið mjög upptrekt og æst og brugðist illa við öllu sem lögreglan gerði. Aðspurður um hvort ákærða Jóhanna hafi verið með hrúfl á höndum við handtöku og blætt úr hægri hönd hennar kvaðst Jón muna eftir þessu, hún hafi verið með sár á hendinni þegar lögreglumennirnir tóku við henni. Sárið hafi litið út fyrir að vera nýtt. Aðspurður um hver reynsla hans væri varðandi vímueinkenni svaraði Jón að hún væri þó nokkur, hann hafi verið um 10 ár í lögreglunni og verið í þó nokkrum málum sem vörðuðu lyfjaakstur og þó nokkrum fíkniefnamálum. Ákærða Jóhanna hafi borið öll einkenni fíkniefnaneyslu, hún hafi verið ör og æst og vaðið úr einu í annað. Aðspurður um ástand Arnar sagðist Jón hafa ósköp lítil afskipti haft af honum og hann gæti ekki vitnað um ástand hans. Örn hafi verið við bílinn þegar Jón kom að og sér hafi virst hann vera í annarlegu ástandi. Jón staðfesti að hafa ritað frumskýrslu og handtökuskýrslur, sem voru lagðar fyrir hann.

Ingvar Guðmundsson, lögreglumaður á Selfossi, kom fyrir dóminn og gaf skýrslu. Vitnið kvaðst aðspurt muna lítillaga eftir atvikum málsins, það væri langt um liðið. Aðspurður um málsatvik sagði Ingvar að tilkynnt hafi verið um innbrot í gangi í skíðaskálanum. Lögreglan hafi farið á staðinn. Á leiðinni hafi fólkið farið af vettvangi og lögreglan frá Reykjavík hafi stöðvað bíl þeirra, við Litlu Kaffistofuna að hann minni. Þegar þeir hafi komið á staðinn hafi verið búið að handtaka fólkið

og þeir hafi aðstoðað við að flytja það á lögreglustöðina á Selfossi og koma þeim í klefa.

Ingvar kvaðst aðspurður ekki muna eftir að hafa haft afskipti af ákærða Erni. Þeir hafi flutt ákærðu Jóhönnu, en afgreitt ákærðu bæði í klefa. Aðspurður hvort hann myndi eftir ástandi ákærðu Jóhönnu við handtöku kvað Ingvar hana hafa verið í mjög annarlegu ástandi og æsta, undir áhrifum áfengis og sennilega einhvers meira. Lögreglumennirnir hafi þurft að slást við hana og halda henni fastri í lögreglubílnum meirihluta leiðarinnar frá vettvangi og þar til þeir komu henni inn í klefa á Selfossi. Aðspurður um hvort hann hafi verið viðstaddur leit á ákærðu Jóhönnu svaraði Ingvar að svo væri, leitað hafi verið á henni áður en hún var sett inn í klefa. Aðspurður um hvað fundist hafi á ákærðu Jóhönnu sagði Ingvar að eitthvað hafi fundist af ætluðu hassi, einhverjir molar, hann muni ekki hve margir, og einhverjir smáhlutir aðrir sem hann gæti ekki tilgreint. Aðspurður um hvort hann muni til þess að ákærða Jóhanna hafi verið með hrufi á höndum og blætt hafi úr hægri hendi svaraði Ingvar að hann myndi ekki eftir því. Aðspurður um reynslu hans af því að meta vímueinkenni kvað Ingvar það gerast alltof oft í sinni vinnu að það yrði að meta það og fást við það. Aðspurður sagðist Ingvar hafa verið lögreglumaður síðan 1999 eða í sjö ár.

Finnbjörn R. Finnbjörnsson, lögreglumaður í Reykjavík, kom fyrir dóminn og gaf skýrslu. Vitnið kvaðst aðspurt muna lauslega eftir því, það væri langt um liðið. Aðspurður hvort hann gæti greint frá atvikum svaraði Finnbjörn að lögreglan hafi verið beðin um að stöðva bifreið sem hefði hugsanlega verið í innbroti í skíðaskálanum. Hann muni aðeins að það hafi verið mikil þoka þetta kvöld. Hann hafi verið á ómerktri bifreið. Þeir hafi séð bifreið við Litlu Kaffistofuna og sett upp stöðvunarkerki. Nokkurn tíma hafi tekið fyrir bifreiðina að stöðva. Þegar bifreiðin var stöðvuð hafi lögreglumennirnir stigið úr sinni bifreið. Sig minni að farþeginn hafi komið út úr bílnum með hnif í hendi. Þeir hafi beðið hann um að sleppa honum, sem hann hafi gert. Hann hafi ekki sýnt neina ógnandi tilburði. Honum hafi þótt þau bæði í mjög annarlegu ástandi. Þeir hafi flutt ákærða Örn á Selfoss.

Aðspurður um ástand þeirra á leiðinni svaraði Finnbjörn að þau hafi verið í annarlegu ástandi. Aðspurður um ástand ákærðu Jóhönnu svaraði Finnbjörn að hún hafi verið í annarlegu ástandi sem hann gæti ekki skilgreint nánar. Það væri svo langt um liðið. Aðspurður um hrufi á höndum ákærðu Jóhönnu svaraði Finnbjörn að hann myndi ekki eftir því. Aðspurður sagðist Finnbjörn hafa verið lögreglumaður síðan 1999. Aðspurður um reynslu af vímueinkennum svaraði Finnbjörn því að hann hefði aðallega unnið við fikniefni.

Eggert Magnússon, lögreglumaður í Reykjavík, kom fyrir dóminn og gaf skýrslu. Aðspurður kvaðst vitnið muna eftir atvikum málsins, þó ekki mjög vel. Aðspurður hvort hann geti greint frá atvikum málsins svaraði Eggert að tilkynnt hafi verið um innbrot í skíðaskálanum. Þeir hafi farið upp eftir til að hafa uppi á þjófnum. Einhver lýsing hafi legið fyrir á bifreið, að hann minnti. Þeir hafi fundið bifreiðina og stöðvað hana. Í honum hafi verið maður og kona í frekar annarlegu ástandi. Bifreiðin hafi verið full af alls kyns dóti og drasli. Þar á meðal hafi verið, að sig minni, poki við fætur farþega. Þau hafi verið handtekin og Selföslögreglan tekið við þeim.

Aðspurður hvort hann myndi eitthvað frekar eftir ástandi ákærðu svaraði Eggert að honum hafi virst þau vera ölvuð eða undir áhrifum einhverra lyfja. Eggert kvaðst hafa séð það af hegðun þeirra og hvernig þau hafi komið fyrir. Aðspurður hvort þau hafi verið óskýr eða reikul í spori svaraði Eggert að þau hafi verið hálf undarleg að því að hann minni, hann gæti ekkert skýrt það nánar. Aðspurður hvort hann myndi til þess að Jóhanna hafi verið með hrufi á höndum svaraði Eggert að hann myndi það ekki. Aðspurður sagðist Eggert hafa verið lögreglumaður síðan sumarið 2000.

Pröstur Þór Guðmundsson, rannsóknarlögreglumaður í Reykjavík, kom fyrir dóminn og gaf skýrslu. Vitnið sagðist aðspurt muna óljóst eftir atvikum málsins. Hann myndi eftir að lögreglan hafi fengið útkall um innbrot í skíðaskálann. Hann hafi farið með Eggerti Magnússyni í lögreglubíl. Þegar þeir komu að Litlu Kaffistofunni hafi verið búið að stöðva bifreið og hafi þeir gætt hennar þar til hann var dreginn burt af dráttarbíl. Það hafi verið mjög vont veður, það sé nokkurn veginn það sem hann muni. Aðspurður um hvort hann muni eftir ástandi fólksins svaraði Pröstur að hann myndi ekkert eftir því.

Jón Hlöðver Hrafnsson, rannsóknarlögreglumaður, kom fyrir dóminn og gaf skýrslu. Aðspurður hvort hann gæti sagt frá atvikum máls sagði Jón að það væri ekki mikið um það að segja annað en að hann hafi verið kallaður út af bakvakt vegna innbrots í skíðaskálann og þjófnaðar þaðan síðla nætur. Hann hafi farið á vettvang. Þá þegar hafi verið búið að handtaka tvo aðila grunaða um aðild að því máli. Hans starf hafi falist í rannsóknarvinnu og hann hafi tekið ljósmyndir af vettvangi. Rúður hafi verið brotnar á tveimur stöðum í veislusal og vesturhlið. Á vesturhlið salarins hafi gluggi verið spenntur upp og fótspor sést á borði, á norðurhlið salarins hafi rúður í hurð verið brotnar og blóðtaumar verið í kring. Rótað hafi verið í hirslum, m.a. á bar og inni í eldhúsi, farið hafi verið inn í kæligeymslu og rótað til og farið hafi verið út um kjallaradyr. Jón staðfesti að myndir sem honum voru sýndar hafi verið teknar á vettvangi. Jón staðfesti að hann hafi unnið skýrslu sem honum var sýnd. Aðspurður sagði hann skýrsluna vera svo seint til komna vegna þess að hann hafi verið kallaður af vettvangi til annars máls í Hveragerði og orðið frá að hverfa. Það mál hafi tekið allan hans tíma næstu vikur. Aðspurður um hvort hann hafi rætt við eigendur skíðaskálans svaraði Jón neitandi, sér hafi ekki verið úthlutað máli þessu til rannsóknar.

Jakob Lindal Kristinsson, dósent í eiturefnafræði við læknadeild Háskóla Íslands, gaf skýrslu fyrir dómi gegnum síma og staðfesti undirritun sína á matsgerð dagsettri 3. maí 2004 og að þar væri rétt greint frá. Jakob var spurður út í fullyrðingu í matsgerðinni um að samanlögð áhrif klónazepams, nítrazepams og nordiazepams, sem fundist hafi í blóði ákærðu Jóhönnu, hafi dregið verulega úr hæfni ökumanns til aksturs bifreiðar og hann hafi því ekki verið fær um að stjórna henni örugglega er blóðsýnið var tekið, og svaraði Jakob, aðspurður hvort þessari niðurstöðu mætti jafna við 0,5% af alkóhóli, að þetta samsvaraði að sínu mati meira magni. Aðspurður hvort það samsvaraði mun meira magni svaraði Jakob að það væri erfitt að meta. Hann teldi þetta magn líklega samsvara einhverju meira en 0,7%. Aðspurður um lýsingu í handtökuskýrslu á ástandi ákærðu Jóhönnu, að hún hafi verið mjög æst og uppstökk, sjáöldur útvíkkuð, jafnvægi óstöðugt, framburður ruglingslegur og málfar óskýrt, hvort þessi lýsing gæti samræmst niðurstöðum matsgerðarinnar, svaraði Jakob að benzódiazepínsambönd gætu valdið æsingi og árásarhneigð í sjaldgæfum tilvikum, en hann myndi frekar búast við að

einstaklingur væri sljór. Aðspurður um að fleiri efni hafi fundist í blóði ákærðu Jóhönnu sagði Jakob að lítið amfetamín hefði fundist og ekki virtust hafa verið örvandi lyf í blóði hennar. Beiðnin bæri með sér að leitað hafi verið að algengustu lyfjum. Hann hafi ekki fyrir framan sig að hverju nákvæmlega hafi verið leitað. Hann geri ráð fyrir að öll algengustu efni hefðu fundist. Aðspurður um hvort lýsingin gæti átt við svaraði Jakob að það væri erfitt að segja af eða á, en að þessi efni hafi verið í blóði hennar þá útiloki það ekki ástand ökumanns eins og því er lýst. Ástand hennar þurfi hinsvegar ekki að vera af þessum efnum.

Ákærða Jóhann kom ekki fyrir dóm við aðalmeðferð málsins og voru ekki gerðar athugasemdir við það af hálfu sakflytjenda. Verjandi hennar upplýsti að ákærða væri í mikilli fíkniefnaneyslu og hefði verið útilokað að ná sambandi við hana.

Niðurstaða.

Ákæruliður I a.

Ákærða Jóhanna hefur neitað sök í þessum ákærulið. Fyrir liggur framburður vitnisins Helga Guðlaugs Svavarssonar um að hann hafi elt bifreiðina Y 963 frá skíðaskálanum og að Litlu kaffistofunni. Þá liggur fyrir framburður lögreglumannanna Finnbjörns R. Finnbjörnssonar og Eggerts Magnússonar um að þeir hafi stöðvað akstur bifreiðarinnar Y 963 við Litlu Kaffistofuna og hafi ákærða Jóhanna ekið bifreiðinni. Framburður þeirra fær stoð í frumskýrslu ritaðri af Jóni Gunnari Þórhallssyni, lögregluvarðstjóra.

Blóðsýni var tekið úr ákærðu Jóhönnu kl. 07:47 og þvagsýni kl. 08:40. Í matsgerð Jakobs Kristinssonar, dósents í eiturefnafræði, kemur fram að í þvagi ákærðu Jóhönnu hafi fundist amfetamín, metamfetamín, metýlfenidat, benzodíazepínsambönd, kannabínóíðar, kódeín og vottur af koffeini og nikótíni. Þá hafi fundist í þvagi tetrahýdrókannabínólsýra. Í blóði ákærðu Jóhönnu hafi fundist amfetamín, 24 ng/ml, klónazepam, 85 ng/ml, nítrazepam, 80 ng/ml, og nordíazepam, 55 ng/ml og vottur af klórdíazepoxíði og umbrotsefnum þess. Styrkur amfetamíns hafi ekki verið nægur til að hafa marktæk áhrif á hæfni til aksturs bifreiða. Gera megi ráð fyrir að samanlögð áhrif klónazepams, nítrazepams og nordíazepams hafi dregið verulega úr hæfni ökumanns til aksturs bifreiðar. Styrkur þessara efna kunni að hafa verið örlítið hærri þegar ökumaður var stöðvaður en það hafi þó ekki marktæk áhrif á niðurstöður matsins. Jakob kom fyrir dóminn og staðfesti matsgerðina. Aðspurður kvað Jakob niðurstöðuna samsvara meira en 0,5% af alkóhóli, líklega eitthvað meira en 0,7%.

Framburður Jakobs fær stoð í framburði lögreglumannanna Jóns Gunnars Þórhallssonar, sem kvað ákærðu Jóhönnu hafa virst undir talsverðum áhrifum fíkniefna, og Ingvars Guðmundssonar, Finnbjörns R. Finnbjörnssonar og Eggerts Magnússonar. Lögreglumennirnir kváðust aðspurðir hafa starfað í lögreglunni í sex til tíu ár og hafa Jón Gunnar Þórhallsson, Ingvar Guðmundsson og Finnbjörn R. Finnbjörnsson borið að þeir hafi talsverða reynslu af fíkniefnamálum.

Framburður Jakobs og lögreglumannanna fær ennfremur stoð í handtökuskýrslu ákærðu Jóhönnu, þar sem ástandi hennar er lýst svo að sjáöldur hafi verið útvíkkuð, jafnvægi óstöðugt, framburður ruglingslegur, málfar óskýrt og að hún hafi verið „mjög æst og uppstökk”.

Samkvæmt framangreindu verður talið sannað að ákærða Jóhanna hafi aðfaranótt fimmtudagsins 12. febrúar 2004 ekið bifreiðinni Y 963 frá Skíðaskálanum í Hveradölum vestur Suðurlandsveg, Ölfusi, að Litlu Kaffistofunni undir slíkum áhrifum lyfja að hún hafi verið ófær um að stjórna bifreiðinni örugglega. Er háttsemi ákærðu Jóhönnu réttilega heimfærð til refsíákvæða í ákæru, sbr. nú ákvæði 1., sbr. 2. mgr., 45. gr. a umferðarlaga, sbr. lög nr. 66/2006, sbr. einnig 2. gr. laga nr. 19/1940. Ákærða Jóhanna hefur með háttsemi sinni unnið sér til refsingar.

Ákæruliður I b.

Ákærða Jóhanna hefur neitað sök í þessum ákærulið. Fyrir liggur framburður lögreglumannanna Jóns Gunnars Þórhallssonar og Ingvars Guðmundssonar, sem fær stoð í frumskýrslu, að leit hafi verið framkvæmd á ákærðu Jóhönnu á lögreglustöðinni á Selfossi og að í úlpu hennar hafi fundist fimm molar af ætluðu hassi. Þá liggur fyrir í gögnum málsins efnaskýrsla tæknideildar lögreglunnar í Reykjavík þar sem fram kemur að efnið hafi greinst við litaprófun sem hass. Í efnaskýrslunni segir að efnið hafi vegið 4,79 grömm, en í ákæru en þyngd efnisins sögð 4,92 grömm.

Samkvæmt framangreindu verður talið sannað að ákærða Jóhanna hafi aðfaranótt fimmtudagsins 12. febrúar 2004 haft í vörslu sinni 4,79 grömm af hassi. Er háttsemi ákærðu Jóhönnu réttilega heimfærð til refsíákvæða í ákæru. Ákærða Jóhanna hefur með háttsemi sinni unnið sér til refsingar.

Ákæruliður II.

Ákærðu Jóhanna og Örn hafa bæði neitað sök í þessum ákærulið. Ákærða Jóhanna kom ekki fyrir dóm við aðalmeðferð og liggur því ekki fyrir annar framburður hennar en sá sem fram kemur í lögregluskýrslu dagsettri 12. febrúar 2004. Við skýrslutökuna neitaði ákærða Jóhanna að hafa farið inn í skíðaskálanum. Ákærði Örn hafi tekið við akstri bifreiðarinnar eftir að þau lentu út af veginum í Kömbunum. Þau hafi ekið vestur Hellisheiði og beygt að skíðaskálanum vegna vandræða með hægri framhjólíð. Hún hafi barið á einar dyr skálans en farið aftur inn í bíl þegar enginn kom til dyra. Hún viti að ákærði Örn hafi farið inn í skíðaskálanum en viti ekki hvar eða hvernig. Hún hafi beðið lengi eftir ákærða Erni í bifreiðinni. Á meðan hún hafi beðið eftir honum hafi ljós birst aftan við bifreiðina, sem hún gat sér til um að hafi verið bifreið. Ákærði Örn hafi farið inn og út úr skálanum nokkrum sinnum og í síðasta sinn sem hann kom út úr skálanum hent einhverju dóti inn í bifreiðina og afhent henni rúllu af 50 krónu mynt. Þegar hún hafi ekið frá skíðaskálanum inn á Suðurlandsveg hafi kyrrstæð bifreið verið við afleggjarann.

Við skýrslutöku 12. febrúar 2004 neitaði ákærði Örn að hafa brotist inn í skíðaskálann og haft á brott með sér varning. Ákærða Jóhanna hafi ekið eftir að þau lentu út af veginum í Kömbunum vestur Hellisheiði að skíðaskálanum þar sem hún hafi ætlað að hitta einhverja menn. Þegar að kom hafi ákærða Jóhanna farið fyrst út úr bifreiðinni. Hann haldi að hún hafi brotið rúðu á hlið hússins, en kvaðst ekki muna hvort hann hafi séð ákærðu Jóhönnu gera það, en kúbein sem hafi verið í bifreiðinni hafi legið í snjóskafli framan við brotnu rúðuna. Ákærða Jóhanna hafi farið inn um gluggann og verið inni í húsinu í um fimm til tíu mínútur en hann hafi spásserað á meðan fyrir utan. Hún hafi kallað til hans úr aðaldyrunum og beðið hann að koma, sem hann hafi gert. Ákærða Jóhanna hafi þá látið hann fá svartan plastpoka og beðið hann að fara með hann í bifreiðina. Ákærði Örn kvað kjöt og önnur matvæli hafa verið í plastpokanum. Hann hafi farið með pokann og sett í aftursæti bifreiðarinnar. Nánar aðspurður sagði ákærði Örn ákærðu Jóhönnu hafa skorið sig og blóðgast við að brjóta rúðu á norðurgafli hússins. Hann hafi þó ekki séð hvar hún skar sig. Ákærði Örn kvaðst ekki hafa orðið var við neina umferð við skíðaskálann.

Ákærði Örn hefur dregið framburð sinn í lögregluskýrslu frá 12. febrúar 2004 til baka og neitar með öllu þátttöku í innbroti í skíðaskálann. Ákærði Örn ber við minnisleysi vegna vímu og kveðst ekki muna eftir neinum atburðum næturinnar. Ákærði telur sig ekki hafa munað neitt betur við skýrslutökuna. Ákærði Örn aftekur með öllu að hann myndi fremja slíkt afbrot, jafnvel þó í vímu væri. Efni lögregluskýrslunnar sé bull komið frá lögreglunni og ákærðu Jóhönnu og sér hefðu verið lögð orð í munn. Hann hafi undirritað skýrsluna því hann hafi viljað komast burtu og viljað gera næstum hvað sem er til þess. Honum hafi verið haldið án svefnis og matar. Þá ber ákærði Örn brigður á það mat lögreglu að hann hafi verið vímulaus þegar skýrslutakan fór fram.

Sannað er með myndum af vettvangi að rúður voru brotnar í hurð á skíðaskálanum. Á annarri myndinni sjást blóðtaumar á hurðinni, sem bendir eindregið til þess að sá sem braut rúðurnar hafi skorist á hendi við verknaðinn. Sannað er með framburði Jóns Gunnars Þórhallssonar lögreglumanns, sem fær stoð í frumskýrslu, að ákærða Jóhanna hafi við handtöku verið með nýtt hrúfl á höndum, sem blætt hafi úr. Ekkert liggur fyrir um að ákærði Örn hafi verið með áverka á höndum við handtöku. Þá liggur fyrir framburður vitnisins Helga Guðlaugs Svavarssonar um að enginn hafi verið í bifreiðinni Y 963 þegar hann kom á vettvang. Verður því talið nægilega sannað gegn neitun ákærðu Jóhönnu að hún hafi aðfaranótt fimmtudagsins 12. febrúar 2004 brotist inn í Skíðaskálann í Hveradölum og haft á brott með sér kr. 2000 í 50. kr. mynt, hitakönnu og ýmis matvæli sem fundust í bifreiðinni við leit lögreglu. Er háttsemi ákærðu Jóhönnu réttilega heimfærð til refsíákvæða í ákæru. Ákærða Jóhanna hefur með háttsemi sinni unnið sér til refsingar.

Framburður ákærða Arnar í lögregluskýrslu er samhljóða framburði ákærðu Jóhönnu um að þau hafi lagt af stað frá húsi rétt hjá Hveragerði, ákærða Jóhanna hafi ekið bifreiðinni og að þau hafi lent út af og fest bifreiðina í Kömbunum og losað hana með hjálp frá kranabifreið. Ákærðu ber hinsvegar ekki saman um atvik máls eftir að bifreiðin var losuð. Þau greinir á um hver hafi þá tekið við stjórn bifreiðarinnar eða hvers vegna þau hafi ekið að skíðaskálanum. Þá benda ákærðu á hvort annað sem gerendur innbrotsins. Þegar að skíðaskálanum var komið telur ákærði Örn að ákærða Jóhanna hafi brotið rúðu í skálanum. Eins og að framan

greinir er talið sannað að ákærða Jóhanna hafi brotið rúðu í hurð á skíðaskálanum. Þá segir ákærði Örn að hann hafi farið með svartan plastpoka út í bíl og í honum hafi verið kjöt og önnur matvæli. Þá kveður ákærði Örn ákærðu Jóhönnu hafa ekið bifreiðinni frá skíðaskálanum áleiðis til Reykjavíkur þar til lögregla stöðvaði för þeirra.

Framangreindur framburður er ítarlegur og sýnist ekki ótrúverðugur og er að nokkru leyti í samræmi við frásögn ákærðu Jóhönnu í lögregluskýrslu. Fyrir liggur að ákærði Örn var yfirheyrður af sömu lögreglumönnum og yfirheyrðu ákærðu Jóhönnu og að ákærða Jóhanna var yfirheyrð á undan. Slíkt rennir þó engum stoðum undir þá staðhæfingu ákærða Arnar að lögreglumennirnir hafi lagt honum orð í munn. Þá var ákærða Jóhanna ekki viðstödd skýrslutökuna af ákærða Erni og því vandséð hvernig hún hefði átt að hafa áhrif á framburð hans. Verður því talið ósannað að lögreglan hafi með óeðlilegum hætti haft áhrif á framburð ákærða Arnar í lögregluskýrslu.

Eins og framan greinir er framburður ákærða Arnar í lögregluskýrslu ítarlegur og ekki ótrúverðugur og fær nokkra stoð í framburði ákærðu Jóhönnu. Þá verður ekki litið fram hjá því að lýsing ákærða Arnar á innihaldi svarta ruslapokans er í samræmi við lýsingu á innihaldi hans í munaskrá lögreglu. Er framburður ákærða Arnar um minnisleysi, bæði við skýrslutöku og síðar, í því ljósi ótrúverðugur. Þá liggur fyrir framburður vitnisins Helga Guðlaugs Svavarssonar um að enginn hafi verið í bifreiðinni Y 963 þegar hann kom á vettvang.

Samkvæmt framangreindu verður að telja nægilega sannað gegn neitun ákærða Arnar að hann hafi aðfaranótt fimmtudagsins 12. febrúar 2004 brotist inn í Skíðaskálan í Hveradölum og haft á brott með sér kr. 2000 í 50. kr. mynt, hitakönnu og ýmis matvæli sem fundust í bifreiðinni við leit lögreglu. Er háttsemi ákærða Arnar réttilega heimfærð til refsíákvæðis í ákæru. Ákærði Örn hefur með háttsemi sinni unnið sér til refsingar.

Telja verður að ákærðu hafi framið innbrotið í skíðaskálan í sameiningu og er ekki fært að meta þátt annars þeirra sem hlutdeild.

Ákvörðun refsingar.

Ákærða Jóhönnu.

Ákærða Jóhanna hefur frá árinu 1989 hlotið tíu refsídóma, þar af fimm fyrir auðgunarbrot, síðast 13. febrúar 2004. Sakarferill ákærðu Jóhönnu hefur að öðru leyti ekki áhrif á ákvörðun refsingar í máli þessu. Um var að ræða samverknað ákærðu Jóhönnu og ákærða Arnar, sbr. 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Við ákvörðun refsingar ákærðu Jóhönnu verður ennfremur litið til 72. gr., 2. mgr. 244. gr. og 255. gr. sömu laga. Er refsing ákærðu Jóhönnu hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði. Vegna sakaferils ákærðu Jóhönnu þykir ekki fært að skilorðsbinda dóminn. Refsing ákærðu Jóhönnu er hegningarauki við dóm Héraðsdóms Vestfjarða frá 13. febrúar 2004, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá verður ákærða Jóhanna dæmd til að sæta upptöku á 4,79 grömmum af hassi. Þá verður ákærða Jóhanna dæmd til sviptingar ökuréttar í 6 mánuði frá

birtingu dómsins að telja.

Ákærði Örn.

Ákærði Örn hefur ekki áður sætt refsingu svo vitað sé. Við ákvörðun refsingar hans verður tekið tillit til 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Er refsing ákærða Arnar hæfilega ákveðin fangelsi í einn mánuð, en rétt þykir að fresta fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Málkostnaður.

Samkvæmt framlögðu yfirliti lögreglu er sakarkostnaður málsins 273.515 krónur og féll hann allur til vegna rannsóknar á broti ákærðu Jóhönnu samkvæmt ákærulið I. Alkóhólrannsókn á þvagi ákærðu Jóhönnu leiddi í ljós að hún var ekki undir áhrifum áfengis. Ber því að draga frá þann kostnað, 14.264 krónur. Samkvæmt 1. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála ber að dæma ákærðu Jóhönnu til greiðslu kostnaðarins sem er, að frádregnum kostnaði við alkóhólrannsókn á þvagi, 259.251 króna.

Málsvarnarlaun verjanda ákærða Arnar, Einars Gauts Steingrímssonar hrl., þykja hæfilega ákveðin 186.750 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu Jóhönnu, Rúnu Soffíu Geirsdóttur hdl., þykja hæfilega ákveðin 217.875 að meðtöldum virðisaukaskatti. Kostnaður Einars Gauts vegna aksturs nam 16.440 krónum og útlagður kostnaður Rúnu Soffíu vegna aksturs o.fl. nam 34.558 krónum. Samkvæmt 1. mgr. 165. gr., sbr. a-lið 1. mgr. 164. gr., laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála ber að dæma ákærðu til greiðslu framangreinda málsvarnarlauna og kostnaðar.

Hjörtur O. Aðalsteinsson, dómstjóri, kveður upp dóm þennan. Uppkvaðning dómsins hefur dregist fram yfir lögbundinn frest vegna mjög mikilla embættisanna dómarans.

D ó m s o r ð :

Ákærða, Jóhanna Rut Birgisdóttir, sæti fangelsi í 4 mánuði.

Ákærði, Örn Símonarson, sæti fangelsi í einn mánuð. Fresta skal fullnustu refsingarinnar og fellur hún niður að liðnum tveimur árum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærða, Jóhanna Rut, er svipt ökurétti í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða, Jóhanna Rut, greiði áfallinn sakarkostnað, 259.251 krónu og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Rúnu Soffiú Geirsdóttur hdl., 217.875 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti og 34.558 krónur vegna útlagðs kostnaðar verjandans.

Ákærði, Örn, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Einars Gauts Steingrímssonar hrl., 186.750 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti og 16.440 krónur vegna útlagðs kostnaðar verjandans.

Hjörtur O. Aðalsteinsson.